

Nd.

408. Nefndarálit

[118. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps.

Meiri hluti nefndarinnar, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vill samþykkja það óbreytt og leggst gegn því, að jafnhliða ákvæðum þess um rýmkun framlaga til bygginga í sveitum verði gerðar ráðstafanir til nýrrar tekjuöflunar, sem framlagsrýmkuninni nemur.

Það er hins vegar álit okkar, sem minni hlutann skipum, að það skipti öllu máli um gagnsemi lagasetningar sem þessarar, að með raunhæfum hætti sé lagt fram fé til að mæta aukningunni, en engin ákvæði eru í frumvarpinu um það.

Formælendur frumvarpsins hafa látið uppi þá skoðun, að hægt sé að framkvæma efni frumvarpsins án nýrra fjárveitinga, en það mundi þýða, að fé yrði til þess tekið af framlagi til ræktunar á smæstu sveitabýlunum. Teljum við slíkt óhæfu.

Við leggjum því til, að inn í frumvarpið verði tekið ákvæði um 1250 þús. kr. framlag til þess að mæta þeim þörfum, sem samþykkt frumvarpsins skapar, en um það hefur verið gerð breytingartillaga á þskj. 350, og mælum við með því, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu.

Að fyrri lið þeirrar tillögu felldum mælum við ekki með frumvarpinu.

Alþingi, 6. maí 1960.

Karl Guðjónsson, Helgi Bergs.
frsm.